

Grunur hjá framleiðanda um að lyf hafi komist í tankmjólk

Stefna og markmið: Að koma í veg fyrir að innlögð mjólk sé menguð af lyfjaleifum.

Sviðsmynd og ábyrgð:

1. Framleiðandi hefur grun um að lyfjamenguð mjólk hafi farið í mjólkurtank.
2. Framleiðandi er ávallt ábyrgur fyrir því að mjólk sem hann sendir frá sér sé í lagi.

Orsök:

1. Framleiðandi hefur fyrir mistök sett mjólk saman við sem ætti að fara í frátöku.

Viðbrögð:

1. Nauðsynlegt er að kanna hvort tankmjólk hafi mengast af lyfjum, áður en mjólk er sótt.
2. Þetta skal gert með mælingu lyfjaleifa í tankmjólkursýni:
 - a. Mælt í Delvotæki á staðnum, (*marginir eiga slík tæki, hægt að fá hjá ráðgjafa mj.eftirl.*)
 - b. Framleiðandi kemur tankmjólkursýni til mælinga í afurðastöð eða til ráðgjafa mj.eftirl.
3. Ef engin kostur er á að mæla hvort mjólkinn sé lyfjalaus, skal henni fargað.
4. Ráðgjafi mjólkureftirlits leiðbeinir hvernig best er að vinna úr þessu.

Niðurstöður úr mælingum:

1. Ef prófið reynist vera í lagi, er mjólkinn sótt samkvæmt áætlun.
2. Ef prófið reynist vera jákvætt (þ.e.a.s. að lyf greinist í mjólkinni), skal mjólk fargað og mjólkurtankur þrífinn vel fyrir notkun.